



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Tryggvagata 25, 800 Selfoss
S. 482 2111, fax 482 3112
Netfang: fsu@fsu.is

FÉLA2KS05 Kenningar og rannsóknir. Kennsluáætlun. Haustönn 2015

Lýsing á áfanga

Í áfanganum er fjallað um frumkvöðla félagsfræðinnar og kynntar helstu kenningar og rannsóknaraðferðir greinarinnar. Tengsl einstaklinga og samfélags eru skoðuð og greind í ljósi ólíkra kenninga. Í áfanganum er farið yfir vítt svið félagsfræðinnar og nemendur fá þjálfun í að beita félagsfræðilegu innsæi við túlkun á samfélaginu. Viðfangsefni líkt og frávik, félagsleg lagskipting, kynhlutverk og áhrif fjölmiðla er einnig meðal efnispáttá. Kynntar verða eigindlegar og meginlegar rannsóknir og nemendur fá þjálfun í að beita rannsóknaraðferðum og fylgja vísindalegu rannsóknarferli auk þjálfunar í að túlka gögn og niðurstöður annarra rannsókna.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilning á:

- Helstu frumkvöðlum félagsfræðinnar og framlagi þeirra til greinarinnar,
- kenningarsjónarhornum félagsfræðinnar; samskipta-, samvirkni- og áttakeningum,
- meginlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum,
- helstu grundvallarhugtökum félagsfræðinnar.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tengja saman rannsóknarniðurstöður og kenningar,
- greina á milli ólíkra kenninga og beita þeim á mismunandi viðfangsefni samfélagsins,
- beita félagsfræðilegum hugtökum í fræðilegri og samfélagslegri umfjöllun,
- beita rannsóknaraðferðum á mismunandi viðfangsefni,
- geta sett fram þekkingu sína í ræðu og riti.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sjá félagsleg málefni út frá mismunandi kenningarlegum sjónarhornum,
- sjá og fjalla um samfélagið á gagnrýninn hátt,
- geta lagt mat á rannsóknir í félagsvísindum,
- geta metið eigið vinnuframlag og annarra,
- öðlast skilning á eigin stöðu og hlutverki í samfélagi,
- taka fræðilega afstöðu til samfélagslegra álitamála.

.....

Kennslubækur og kennslugögn:

- Garðar Gíslason (2000). *Félagsfræði 2. (Gamla eða nýja) Kenningar og samfélag*. Reykjavík: Mál og menning (fæst í bóksölu). (Ekki gerð krafa um að eiga bókina, bara að hafa aðgang að henni)
 - Önnur kennslugögn: Tímaglósur og annað efni frá kennara.
 - Allar glærur og önnur gögn verða inni í Moodle kennslukerfinu.
-

Próf

Gagnapróf 15%. (kaflar 1-3). Nemendur mega skrifa niður glósur á A4 blað og hafa með í próf. Hóppróf í lok annar (nánar útfært síðar). Prófað úr köflum 4-7 og ítarefni 10%.

.....

Verkefni

Flest verkefni eru hópverkefni. Í hverri kennsluviku verður tekið fyrir eitt þemaverkefni og unnið í kennslustundum; nær stundum yfir lengri tíma. Einkunn fyrir vikuverkefni er að hluta gefin til einstaklinga í hlutfalli við framlag til verkefnis, metið af samnemendum. Einnig eru einstaklingsverkefni til staðar ef nemandi er utanskóla eða fjarverandi á meðan verkefnavinna stendur yfir.

- 1. vika: Kynning á félagsvísindum/ lagt fyrir verkefni 1 5%
 - 2-3. vika: Hamingja í félagslegu samhengi Verkefni 2 12%
 - 3-4 vika: Kenningar í félagsfræði Verkefni 3 6%
 - 4-6. vika: Kafli 3, samskiptakenningar, verkefni 4-5 10%
 - 6. vika: Próf með hjálpargögnum 15%
 - 7-8 vika: Kafli 4, frávík, verkefni 6 6%
 - 9-10 vika: Trúarbrögð og samfélag Verkefni 7 10%
 - 11. vika: Kafli 5, lagskipting, verkefni 8 6%
 - 12-14. vika: Kafli 6-7, fjölmiðlar og kynhlutverk, verkefni 9 10%
 - 14. vika: Hóppróf 10%
 - 15. vika: Upprifjun/litið yfir farinn veg. 10%
-

Námsmat, athugasemdir og skýringar:

Próf gilda 25% (15% próf og 10% hóppróf),
Verkefni 75%,

- Missi nemandi af hópprófi getur viðkomandi tekið það sem einstaklingspróf síðar.
 - Taka verður bæði próf til að ná yfir falleinkunn í áfanga, einnig verður að skila að lágmarki 80 % verkefna sem er þá 60% af þeim 75% sem verkefni gilda. (Skil á verkefni þýðir að vinna hafi farið fram við verkefnið. Ef þið skilið verkefnum frá öðrum flokkast það ekki sem skil á verkefni.)
-

Kennsluáætlun þessi er sett fram með fyrirvara um breytingar, sérstaklega á tímasetningu verkefna og fjölda þeirra en heildarvægi verkefna verður alltaf það sama.

Helgi Hermannsson – helgiher@gmail.com